



REYKJANESBÆR

Forstöðumaður

umhverfis- og tæknisviðs •

Reykjanesbæ, 30.11.2001

Vegagerðin
Hr. umdæmisstjóri
Jónas Snæbjörnsson
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Varðar: Kynningarfundur Vegagerðarinnar með fulltrúum Reykjanesbæjar um tvöföldun Reykjanesbrautar, haldinn þann 30. 05. s.l.

Þessir sátu fundinn:

Frá Vegagerð: Jónas Snæbjörnsson umdæmisstjóri, Hilmar Finnsson verkfræðingur og Jóhann Bergmann verkfræðingur. Frá Reykjanesbæ: Ellert Eiríksson bæjarstjóri, Árni Ingi Stefánsson formaður skipulags- og byggingarnefndar, Viðar Már Aðalsteinsson forstöðumaður umhverfis- og tæknisviðs og Heiðar Ásgeirsson byggingarfulltrúi.

Fulltrúar Vegagerðar kynntu greinargerð um frumdrög að tvöföldun Reykjanesbrautar þar sem fyrirhugaðri legu brautarinnar var lýst í orðum og á loftmyndum. Umræður áttu sér stað almennt um legu brautarinnar og skoðanskipti um þrjá valkosti í útfærslu gatnamóta Reykjanesbrautar við Seylubraut:

1. S1 Brú, óbreytt hæðalega Reykjanesbrautar.
2. S2 Brú, lækkun Reykjanesbrautar.
3. S3 Stefnugreind vegamót.

Fulltrúar Reykjanesbæjar mæltu með möguleika 2 en höfnuðu með öllu möguleika 3. Þar sem hann uppfyllir í engu kröfur um umferðaröryggi sem er megintilgangur tvöföldunar Reykjanesbrautar. Jafnframt var lagt til að hraðað yrði hönnun og framkvæmd á nýrri vegtengingu að aðalhliði Keflavíkurflugvallar og út í Hafnir þar sem núverandi gatnamót séu stórhættuleg. Að öðru leyti voru menn sammála legu brautarinnar. Þetta var niðurstaða fulltrúa Reykjanesbæjar.

Fundarmenn þökkðu hvor öðrum fyrir góðan og gagnlegan fund um þarft málefni

Ofangreint svo ritað

Viðar Már Aðalsteinsson